



FLÓRGOÐINN

FRÉTTABRÉF ÁSLANDSSKÓLA

4. tbl. 16. árgangur



MÁ BJÓÐA ÞÉR EITUREFNI MEÐ JARÐABERJABRAGÐI?

EFTIR LÁRU G. SIGURÐARDÓTTUR (grein af visir.is)

Finnst okkur í lagi að dreifa neysluvöru sem viðast, ef hún inniheldur minna magn af eiturefnum en sú sem styttr líf um helming neytenda? Það er enginn að tala um að banna rafrettur fyrir reykingamenn en það er full ástæða til að lög og reglugerðir verndi börnin okkar gagnvart rafrettum, líkt og verið er að innleiða í nágrennapjóðum okkar. Skoðum nokkrar varasamar fullyrðingar sem heyrst hafa um rafrettur.

1. „Rafrettur eru skaðlausar“ Enn er ekki hægt að fullyrða um skaðsemi rafretta því langtímaáhrif á heilsu eru ekki þekkt. Það mun taka áratugi til viðbótar þar til hægt verður að álykta afdráttarlaust um skaðsemi rafretta. Þó er það svo að flestir sérfræðingar eru sammála um að þær séu skaðminni en sígarettur.

2. „Rafrettan mun leysa sígarettuna af hólmi“ Góðum árangri í tóbaksforvörnum var náð áður en farið var að selja rafrettur hérlendis. Auk þess hefur verið sýnt fram á að meira en 90% þeirra sem reyna að hætta sígarettureykingum með því að skipta yfir í rafrettur byrja aftur að reykja. Það er svipaður árangur og með nikótínplástrum.

3. „Bragðefnin í rafrettum eru saklaus“ Rannsóknir sýna að rafrettuvökvi inniheldur í flestum tilfellum skaðleg efni og þar með talin krabbameinsvaldandi efni, sem geta valdið skemmdum á erfðæfni fruma.

4. „Unglingar byrja ekki að nota rafrettur“ Tíðni rafrettureykinga hefur aukist meðal unglunga auk þess sem sýnt hefur verið fram á að þeir unglingar sem nota rafrettur eru líklegri til að leiðast út í sígarettureykingar. Tóbaksfyrirtækin eru nú að yfirtaka rafrettuiðnaðinn og beina agni sínu að börnum og unglungum sem eru því miður oft auðveld bráð nikótínfíknar. Fjárhæðir sem settar eru í auglýsingar hafa hátt í tuttugufaldast á þremur árum og tóbaksrisinn hefur hvorki gefið út yfirlýsingu um að markmiðið sé að útrýma tóbaksreykingum né nikótínfíkn.

5. „Rafrettuvökvinn er ekki slysgildra“ Ungum börnum stafar bráð hætta af nikótínvökvum sem gjarnan eru seldir í sælgætisbúningi. Eitrunarútköll af völdum nikótíns í rafrettuvökva fimmtíufölduðust í USA á fjórum árum. Lífshættulegum eitrunum meðal barna hefur verið lýst og tíu mánaða gamalt barn var hætt komið eftir að hafa drukkið nikótínvökva. Ef barn drekkur nikótínvökva getur það valdið öndunarstoppi og dauða.

6. „Nikótín er saklaust“ Nikótín er sterkt ávanabindandi eiturefni og er flokkað sem slíkt hjá umhverfisstofnun. Góð samantekt um skaðsemi nikótíns er að finna í riti bandaríska landlæknisembættisins. Tökum dæmi: Ef móðir neytir nikótíns í einhverju formi á meðgöngu getur heili barnsins orðið fyrir varanlegri þroskaskerðingu ásamt því að nikótínið eykur líkur á fyrirburafæðingu og andvana fæðingum. Einnig eru vísbendingar um að unglingar sem neyta nikótíns geta orðið fyrir skaðlegum áhrifum á heila.

7. „Þeir sem anda að sér óbeinum rafrettareyk eru í engri hættu“ Skaðsemi óbeinna sígarettureykinga var staðfest mörgum áratugum eftir að vitað var um skaðsemi beinna reykinga. Rannsóknir sýna að skaðleg efni í rafrettareyk greinast í umhverfi þeirra sem reykja rafrettur. Fleiri rannsóknir eru nauðsynlegar áður en hægt verður að álykta um áhrif óbeinna rafrettareykinga.

Þó svo að það sé betra fyrir sígarettureykingamann að skipta yfir í rafrettur jafngildir það ekki að það sé í lagi fyrir börnin okkar að byrja að fíka við þær. Viljum við bjóða áfram upp á eiturefni með jarðaberjabragði í sælgætisverslunum, einungis til að þóknast reykingamönnum, eða ætlum við að vernda börnin okkar fyrir þessari „núttíma tiskuvöru“?



FJÖLGREINDALEIKAR

FRAMÚRSKARANDI LIÐSHEILD Í HVERJU LIÐI / KÆRLEKSRIKIR FYRIRLIÐAR

Fjölgreindaleikar voru í Áslandsskóla í vikunni. Á fjölgreindaleikum er skólastarf brotið upp. Kennarar settu upp fjölbreyttar stöðvar um allan skóla þar sem hæfileikar hvers og eins nemanda og kennara fengu að njóta sín. Öllum nemendum skólans var blandað í lið, þannig unnu nemendur í 1.-10. bekk saman og skipuðu saman hvert lið.

Allir nemendur fóru einu sinni á hverja stöð. Hvert lið hafði fyrirliða úr hópi elstu nemenda skólans sem stýrði sínu liði. Það er sannarlega eitt af því allra skemmtilegast við fjölgreindaleikana, að sjá hve vel elstu nemendurnir hugsa um þá yngstu í sínum hópi, leiðbeina þeim og sýna þeim virðingu, umhyggju og kærleik.



GOOGLE CLASSROOM

Hvað er Google Classroom

Google classroom er gott forrit/app til að halda utan um verkefni sem

nemendur vinna í Ipad eða tölvum í skólanum eða heima.

Í Google Classroom geta kennarar búið til sína bekki, sín fög og deilt verkefnum

með nemendum, fylgst með framvindu þeirra, skrifað athugasemdir við skjölín, hvatt þá áfram og leiðbeint.

Auk þess vistar Google allt sjálfkrafa, sem kemur í veg fyrir að gögn eyðist eða týnist.

Hverjir eru með Google Classroom

Búið er að stofna Google Classroom aðgang fyrir alla nemendur í 5. - 10. bekk og kennara.



FJÖLGREINDALEIKAR

BYGGÐIR Á FJÖLGREINDUM HOWARDS GARDNER

Fjölgreindaleikarnir byggja á fjölgreindum tau- gasálfræðingsins Howards Gardner.

Gardner skipti greind upp í, fyrst sjö en síðar átta flokka og hélt því fram að við gætum verið snjöll í mörgum flokkum en þó sterkust í einum flokki.

Eins og í mörgu öðru er mikilvægt að þróa sig á þeim sviðum sem við erum hvað sterkust, en einnig þeim sem við erum ekki eins sterk.

Þannig gæti einstaklingur verið: tónsnjall, sjálfssnjall, líkamssnjall, umhverfissnjall, myndsnjall, orðsnjall, félagsnjall, talna- eða röksnjall.



MYNDIR

Forsíðumyndin er úr verkefninu Ég og fjölskyldan mín í 1. bekk.

Myndir á þessari opnu eru frá fjölgreindaleikum 2017.



GOOGLE CLASSROOM


Notendanöfn nemenda við Áslandsskóla eru xxxzzz.alsk@hfjskoli.is. Í GC hafa nemendur sömu réttindi og sömu notkunarmöguleika eins og þau væru í venjulegu google umhverfi.

Markmið

Markmiðið er að fyrir lok þessa skólaárs og í byrjun þess næsta séu allir nemendur 5. - 10. bekkjar sem og allir kennarar komnir með verkefni í gang í Google Classroom.

Með þessari innleiðingu geta allir notendur deilt skjölum á milli sín og unnið saman í einu skjali, þrátt fyrir að vera ekki í sömu tölvunni.

Eins er hægt að vinna hvar og hvenær sem er og í hvaða búnaði sem er.



DAGUR GEGN EINELTI

MARGVÍSLEG DAGSKRÁ Í ÁSLANDSSKÓLA

Miðvikudaginn 8. nóvember var baráttudagur gegn einelti. Sá dagur var einnig grænn dagur og mættu nemendur og starfsfólk grænklaedd til starfa þann dag.

Verkefnastjórn um aðgerðir gegn einelti ákvað að koma slíkum degi á fót og var hann fyrst haldinn árið 2011. Þann dag var einnig undirritaður þjóðarsáttmáli um jákvæð samskipti.

Í tilefni dagsins söfnuðust eldri nemendur Áslandsskóla saman á sal og horfðu á nýlegt viðtal við tónlistarkonuna Söлку Sól. Í kjölfarið voru síðan umræður í hópum.

Yngri nemendur fjölluðu líka um mikilvægi jákvæðra samskipta og unnu að vinatré á göngum skólans (sjá dæmi hér fyrir ofan).

Umræða um einelti, vináttu og mikilvægi jákvæðra samskipta er nauðsynleg. Það er okkur í Áslandsskóla mikilvægt að nemendur okkar séu góðar fyrirmyndir og leggi sitt af mörkum til að vinna bug á þessu samfélagslega böli.



DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU

Stóra og Litla upplestrarkeppnin

Fimmtudaginn 16. nóvember er Dagur íslenskrar tungu. Sá dagur er ávallt haldinn á fæðingardeggi Jónasar Hallgrímssonar skálds.

Á þessum degi setjum við Stóru og Litlu upplestrarkeppnina í Áslandsskóla.

Nemendur í 7. bekk taka þátt í þeirri Stóru og nemendur í 4. bekk í þeirri Litlu. Stórkostlegt er ár hvert að fylgjast með nemendum þjálfja sig í upplestri undir faglegri og metnaðarfullri stjórn kennara sinna. Stóru upplestrarkeppninni lýkur með hátíð hér í skólanum og tveir fulltrúar fara síðan í Hafnarborg í mars sem fulltrúar Áslandsskóla. Litlu upplestrarkeppninni lýkur með upplestrarhátíð í febrúar.



Á döfnni

NÓVEMBER & DESEMBER



NÓVEMBER

Baráttudagur gegn einelti 8.11.

Fjölgreindaleikar 14.-15.11.

Dagur íslenskrar tungu 16.11.

Skipulagsdagur 20.11.



DESEMBER

Fullveldisratleikur 1.12.

Skreytingadagur 4.12

Jólaböll 20.12.

ÁSLANDSSKÓLI

Kríuási 1

221 Hafnarfirði

S: 585 4600

Netfang: aslandsskoli@aslandsskoli.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður Flórgoðans:

LEIFUR S. GARÐARSSON

Skólastjóri